



Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

Reykjavík, 17. maí 2019
R19050107

Til borgarráðs

Efni: Kyndilborgarstyrkur úr rannsóknar og nýsköpunaráætlun ESB (Horizon2020)

Reykjavíkurborg er þátttakandi í ýmsum umsóknum í sjóði er heyra undir rannsóknar og nýsköpunaráætlun ESB og hlaut nýverið styrk til að taka þátt í svokölluðu kyndilborgarverkefni er lítur að orkuskiptum.

Óskað er eftir að kynna verkefnið fyrir borgarráði sbr. hjálögð gögn. Þar sem verið er að vinna að frágangi samningsins þarf að ríkja trúnaður um kynninguna þangað til að lokinni undirritun og geta gögn því ekki birst á opnu vefsvæði.

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri

Minnisblað

Dr. Magnus Yngvi Josefsson
Svið Þjónustu og Nýsköpunar
Magnus.yngvi.josefsson@reykjavik.is

Dagsetning: 09.05.2019

Efni: Kyndilborgarstyrkur úr rannsóknar og nýsköpunaráætlun ESB (Horizon2020)

Heiti verkefnis - Sustainable energy Positive and zero cARbon Communities (SPARCs)

Heildarupphæð €20,000,000

Upphæð til Reykjavíkur €624,469 (ISK 85,421,000)

Upphæð til Orkuveitunar €538,300 (ISK 73,593,000)

Framkvæmdatími 60 mánuðir

Texti kallsins [hér](#)


Um verkefnið

SPARCs er €20,000,000 Horizon 2020 kyndilborgarverkefni leitt af rannsóknastofnun Finna [VTT](#).

Verkefnið er nýsköpunarverkefni (Innovation Action) og hannað þannig að tvær evrópskar borgir gegna hlutverki kyndilborga og fimm evrópskar borgir gegna hlutverki samstarfsborga.

Í SPARCs mun Leipzig í Þýskalandi og Espoo í Finnlandi sem kyndilborgir gera tilraunir með lausnir til orkuskipta í borgum og sérstaklega hvað varðar betri nýtingu orku og samspil þessa við hönnun og skipulag borga. Áherslur SPARCs eru á orkuskipti í samgöngum t.d varðandi sjálfbærni, álagstýringar, áskoranir sem tengjast rafbílavæðingu og þróun SMART og orkuvænna innviða. Umbreyting borga í

samspili valdhafa, stjórnsýslu, hagsmunaðila og borgara er lykilþáttur í verkefninu. Í SPARCs er Reykjavík samstarfsborg og mun velja úr og sannreyna við íslenskar aðstæður þær lausnir sem henta áherslum hennar og fær borgin til þess €626,469. Orkuveita Reykjavíkur er samstarfsaðili Reykjavíkur í verkefninu og fær einnig styrk úr verkefninu €538,300. Heildarstyrkur til samstæðunnar nemur því um €1,164,769 eða um ISK 159,000,000. Lykiláherslur í verkefninu er nýsköpunarnet vistvænna borga (Innovation Catalyst Network) og kolefnisjöfnun borga (Carbon Neutrality) sem meginmarkmið verkefnisins. Verkefnið er svokallað nýsköpunarverkefni (Innovation Action) þar sem tilgangurinn er að sannreyna gæði lausna við raunaðstæður. Verkefnið mun koma til framkvæmda snemma sumars 2019.



Myndin sýnir kyndilborgirnar tvær Espoo og Leipzig og samstarfsborgirnar fimm Reykjavík, Maia (Portugal), Kladno (Tékkland), Lviv (Úkraína), Kifissia (Grikkland)

Samstarfsaðilar Reykjavíkur í SPARCs	Ríki
Teknologistan Tutkimuskeskus (VTT) (coordinator)	Finnland
Espoon Kaupunki	Finnland
Stadt Leipzig	Þýskaland
Camara Municipal da Maia	Portúgal
Reykjavíkurborg	Ísland
Stautami Mesto Kladno	Tékkland
Municipality of Kifissia	Grikkland
Lviv City Council	Þýskaland
Kone OYJ	Finnland
Siemens Osakeyhtiö	Finnland
Plug-IT Finland OY	Finnland
Citycon OYJ	Finnland
Suoamen Rakennusininöorien Litto RIL RY	Finnland
Adven	Finnland
Fraunhofer Gesellschaft	Þýskaland
BABLE UG	Þýskaland
WSL Wohnen & Services	Þýskaland
Stadwerke Leipzig GMBH	Þýskaland
Cenero Energy GMBH	Þýskaland
University Leipzig	Þýskaland
Sociedade Portuguesa de Inovacao consultadoria empresarial e formento da inovacao	Portúgal
NEW-Centre for New Energy Technologies S.A	Portúgal
Orkuveita Reykjavíkur	Ísland
Ceske Vysoke Uceni Technicke V Praze	Tékkland
Suite 5 Data Intelligence Solutions Limited	Kýpur
ELIN VERD S.A	Grikkland
National Ecological Centre of Ukraine	Úkraína
LCE Lvivavtodor	Úkraína
CiviESCO	Ítalía
Gopa Com	Belgía